

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. ágúst 2012
Tilvísun: UST20120800056/káb

Efni: Umsögn um gerð ísganga í Langjökli.

Umhverfisstofnun vísar í erindi Skipulagsstofnunar dags. 16. ágúst síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun veitti umsögn vegna fyrri áfanga þessara framkvæmdar þann 7. nóvember 2011.

Markmið

Markmiðið er að gera hella og göng í jökulís á toppi Langjökuls og gera þannig jökulinn aðgengilegan ferðamönnum og vísindasamfélaginu, þar sem unnt verður að ganga ofan í jökulinn. Staðsetning ísganganna er áætluð vestan til í jöklinum og ekið yrði upp að honum frá Geitlandi við Kaldadal. Göngin verða í um 1250 m hæð, rétt norðaustan við Geitlandsjökul.

Almennt um framkvæmdina

Í greinargerð segir að framkvæmdinni sé skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanginn er rannsóknarverkefni sem mun leiða í ljós hvort gerð og rekstur ísganganna er mögulegur við þær aðstæður sem eru í Langjökli. Í greinargerð kemur fram að þegar hafi verið aflað nauðsynlegra leyfa til að hefja þennan áfanga verksins sem fyrirhugað er að hefja haustið 2012 og mun vera fylgst með göngunum í eitt ár. Í greinargerð segir jafnframt að byrjað verði á því að fara með beltagröfu upp á jökulinn og grafa allt að 5 m djúpan skurð framan við fyrirhugaðan gangamunna, búa til plan og koma fyrir tveimur gámum. Annar gámurinn verður fyrir aðstöðu starfsmanna með þurrsalerni og hinn til að hýsa rafstöð og geyma ýmis tæki og tól. Þar er einnig gert ráð fyrir 200 lítra olíugeymi. Þaki verður komið fyrir ofan á skeringunni og fergjað með snjó. Gangamunnum verður lokað með breiðri hurð. Gert er ráð fyrir að göngin verði grafin með ýmsum handverkfærum og rafmagnsverkfærum. Þverskurðamál ganganna verða um 4 m² og lengd um 300 m. Gert er ráð fyrir að losaðir verði um 1500 rúmmetrar af ís og snjó sem verður dreift utan við gangamunnan þar sem hann blandast við nýjan snjó eða bráðnar eftir árstíma. Í greinargerð segir að seinni áfangi verði unninn á sama hátt og sá fyrri. Við bætist annar gangamunni ofar á svæðinu fyrir ferðamenn.

Þar verður tekið á mótí ferðamönnum, geymsla fyrir yfirhafnir og útbúnað og einnig verða þar þurrsalerni og aðstaða fyrir starfsmenn. Frá gangamunnanum munu liggja tvenn göng niður á við í stóran helli á um 30 m dýpi. Út frá þeim helli verða önnur göng sem tengjast hellum sem gerð verða í fyrri áfanga. Áformað er að göng og hellar verði í allt um 6000 rúmmetrar. Í greinargerð segir að göngin verði lýst upp með ljósum sem nota litla orku og ganga fyrir rafhlöðum. Gert er ráð fyrir að framleiða orku á staðnum með vindrafstöð og sólarcellum.

Framkvæmdaleyfi

Í erindi framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að sveitafélagið Borgarbyggð veiti framkvæmdarleyfi á grundvelli staðfests aðalskipulags og álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þá segir að nú þegar hafi verið gefið út starfsleyfi og framkvæmdarleyfi fyrir rannsóknargöngum.

Rannsóknir

Fram kemur í greinargerð að eftir að fyrri áfanga framkvæmdarinnar lýkur verður farið í reglulegar ferðir í göngin til mælinga og eftirlits. Boraðir verða inn teinar í veggina á nokkrum stöðum í göngunum og fjarlægð milli þeirra mæld nákvæmlega með reglulegu millibili til að mæla hve hratt göngin hníga saman.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í greinargerð að helstu umhverfisþættir sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar eru yfirborðsvatn/jökull, landslag og sjónrænir þættir, náttúruminjar og víðerni. Einnig segir í greinargerð að aukin umferð um jökulinn og geymsla og meðferð efna og úrgangs getur haft áhrif á hættu á mengun í jöklinum. Þá segir að umhverfisvænir kostir verði nýttir þar sem kostur er. Í greinargerð segir að hætta á mengun jökuliss sé talin minniháttar, staðbundin, tímabundin og afturkræf og í heildina séu áhrif á yfirborðsvatn/jökul talin óveruleg. Fram kemur í greinargerð að gert sé ráð fyrir að sett verði upp þurrsalerni og ekki gert ráð fyrir frárennsli að neinu tagi eða förgun á jöklinum. Allur úrgangur verður fluttur af svæðinu og fargað í viðurkenndum sorpeyðingarstöðum. Ekki er gert ráð fyrir að geyma olíu eða önnur efni á staðnum nema í algeru lágmarki. Í greinargerð segir að verði rekstri ganganna hætt verða öll tæki og búnaður fjarlægð og að öll ummerki um göngin verði horfin innan árs.

Staðhættir og náttúruminjar

Framkvæmdarsvæðið er hluti svæðis á náttúruminjasrá nr. 740 og 743. Einnig er svæðið hverfisverndað samkvæmt aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022. Langjökull í heild sinni flokkast sem ósnortið víðerni samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Í greinargerð segir að ísgangagerðin og rekstur þess hafi staðbundin og tímabundin áhrif á víðerni svæðisins en áhrifin eru að fullu afturkræf.

Aðgengi

Fram kemur í greinargerð að gróf reiknisáætlun geri ráð fyrir að gestir ísganganna verði um 20.000 á ári, dreift yfir allt árið og að gera megi ráð fyrir að um 80% þeirra heimsæki jökulinn hvort sem er og að aukning verði þá um 4000 manns. Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að stærsti hluti aukningarinnar fari um Kaldadal (veg nr. 550) og Geitland (veg nr. 551). Fram kemur í greinargerð að samkvæmt heimildum frá Vegagerð er umferð um þessa vegi ekki mikil og segir í greinargerð að gert sé ráð fyrir að vegirnir sem slíkir þoli töluvert aukna umferð.

Samræmi við skipulagsáætlanir

Í greinargerð segir að ekki sé gert ráð fyrir göngum eða aðstöðu fyrir ferðamenn á jöklinum í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2012-2020. Framkvæmdin kallar því á breytingar á aðalskipulagi.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að athuga og rannsaka þau atriði sem fjallað er um í greinargerðinni, bæði vegna ísgangagerðar og vegna þekkingaröflunar í jöklafræðum. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að regluleg vöktun verði á meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim líkur, þar sem mikilvægt er að mati stofnunarinnar að vakta hvort lífríki sé að finna í jökulísnum eða annað það sem gæti orðið fyrir röskun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð kemur ekki fram að vitað sé með vissu að vegir nr. 550 og 551 þoli aukna umferð. Einnig bendir stofnunin á að ekki er fjallað um bílastæði fyrir aukinn fjölda ferðamanna á svæðið. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að kannað sé hvort ofangreindir vegir þoli aukna umferð og hvort þörf sé á stækkun bílastæða fyrir gesti ísganganna.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sjónræn áhrif mannvirkja á jöklinum verði í lágmarki, að þau falli vel að landslaginu og að allur frágangur á efni úr ísgöngunum verði vel skipulagður. Einnig leggur stofnunin ríka áherslu á að framkvæmdin sé að fullu afturkræf.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og að uppfylltum þeim skilyrðum sem hér að framan hafa komið fram, ekki líkur á því að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur þó með vísan til þess er fram kemur í greinargerð, að seinni áfangi framkvæmdarinnar verði háður niðurstöðum rannsókna í fyrri áfanga, liggi ekki fyrir í dag endanlegt umfang umræddrar framkvæmdar og því þurfi að taka afstöðu til seinni hluta framkvæmdarinnar þegar niðurstöður rannsókna úr fyrri áfanga liggi fyrir.

Virðingarfyllt

A. Birna Gutt.

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur